

**57. fundur Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Strandgötu 38,  
Þriðjudaginn 1. febrúar 2022  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Einir Steinn Björnsson (ESB), Aðalsteinn Magnússon (AM), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ), Jón Ingi Jónsson (JIJ) og Jóhann Birkir Helgason (JBH).

**Fundargerð ritaði:** Jóhann Birkir Helgason, Byggingarfulltrúi

**Dagskrá:**

**1. Miðtún 23, stækkun glugga - 2111320**

Tekin fyrir umsókn um byggingarleyfi frá Guðbjarti Ásgeirssyni dags. 24.11.2021 er varðar breytingu á gluggum á húsinu við Móatún 23, Tálknafirði skv. teikningum frá Gingi teiknistofa dags. 30.10.2021.

*Með vísan í grein 2.3.4 í byggingarreglugerð er breytingin talin vera óveruleg enda skerðir hún ekki hagsmuni nágranna.*

*Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarheimild.*

**2. Breyting á reglugerð um gerð strandsvæðaskipulags - 2111259**

Lagt fram bréf Ólafs Þórs Ólafssonar, sveitarstjóra er varðar drög að breytingu á reglugerð um gerð strandsvæðaskipulags.

*Lagt fram til kynningar.*

**3. Úttekt á starfsemi slökkviliðs - 2110113**

Tekið fyrir bréf frá Mannvirkjastofnun dags. 30. september 2021 er varðar úttekt á Slökkviliði Tálknafjarðar.

*HMS gerði nokkrar athugasemdir sem þarf að bregðast við. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að bregðast við þeim athugasemdum sem fram koma í úttektinni.*

**4. Umsókn um byggingarleyfi, stækkun á þjónustuhúsi - 2111325**

Tekin fyrir umsókn ódagsett frá Jóni Magnússyni fyrir hönd Arnarlax ehf. þar sem sótt er um leyfi til að stækka þjónustuhús á Eysteineyri til samræmis við teikningar frá M11 Teiknistofu dags. 18.10.2021.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir fyrir stækkun þjónustuhúss á Eysteineyri. Byggingarfulltrúa falið að veita byggingarleyfi.*

**5. Gjaldskrá 2022 hjá Tálknafjarðarhrepp - 2112050**

Teknar fyrir gjaldskrár fyrir Vatnsveitu, Fráveitu, gatnagerðargjöld, skipulags- og framkvæmdaleyfa ásamt samþykkt um fráveitu.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að núverandi gjaldskrár verði óbreyttar. Nýjar gjaldskrár verði teknar fyrir að nýju við gerð fjárhagsáætlanagerðar fyrir árið 2023.*

**6. Miðtún 3, umsókn um stækkun og sameiningu íbúða grendarkynning - 2101553**

Tekin fyrir byggingarleyfisumsókn dags. 27.05.2021 frá Gunnlaugi B Jónssyni f.h. eiganda þar sem óskað er eftir að breyta húseigninni úr tveimur íbúðum í eina.

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að húsinu verði breytt í eina íbúð í samræmi við framlagðar teikningar.*

**7. Strandgata 45, utanhússklæðning - 2201079**

Lagður fram tölvupóstur frá Þór Magnússyni dags. 17. janúar 2022 er varðar tilkynnta framkvæmd við Strandgötu 45.

*Með vísan í grein 2.3.6 í byggingarreglugerð er um tilkynningarskylda mannvirkjagerð að ræða sem er undanþegin byggingarheimild og -leyfi.*

*Erindið lagt fram til kynningar.*

*Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd bendir á að skila þarf inn teikningum af gámum sem eru áfastir við enda hússins. Gámarnir eru tengdir við rafmagn og eru því byggingarleyfisskyldir.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:20.**

---

Einir Steinn Björnsson (ESB)

---

Aðalsteinn Magnússon (AM)

---

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

---

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

---

Jóhann Birkir Helgason (JBH)